

Kennsluáætlun fyrir 10. bekk skólaárið 2023-2024

Íslenska

Íslenska er kennd í tveim lotum og í einum föstum fagtíma á viku allt skólaárið.

Haustönn 2023

Tímabil Æfingátímar eru á þriðjudögum Lotan er 18.09-22.09 og 02.10-20.10	Áhersluþættir í íslensku: talað mál og hlustun, bókmenntir og lestur, málfræði og ritun. Æfingátímar: Bókmenntir og lestur: bók að eigin vali eftir íslenskan höfund. Ritun: útdrættir og eigin hugleiðingar um bókina. Eigin ályktanir og úrvinnsla. Bókmenntaritgerð. Talað mál: Kynning á rithöfundi. Kynning á bók. Fyrri lotan er í stafsetningu og setningarfræði. Einnig fara fram kynningar á rithöfundum. (Sjá nánar í kennsluáætlun).
---	--

Vorönn 2024

Tímabil Æfingátímar eru á þriðjudögum Lotan er 03.01-02.02	Áhersluþættir í íslensku: talað mál og hlustun, bókmenntir og lestur, málfræði og ritun. Æfingátímar: Bókmenntir og lestur: Íslenskt mál, þróun þess og breytingar, slettur. Ritun: textar almenns eðlis. Ritgerð um hagnýtt málefni. Seinni lotan er í málfræði: íslensk mannanöfn, íslensk málfræði (stafrófið, kyn, fallbeyging, ritháttur, hljóðkerfi) og vinna með mismunandi heimildir: viðtal, lög og blaðgreinar. Gagnrýnin hugsun og ályktunarhæfni. (Sjá nánar í kennsluáætlun).
---	---

Stærðfræði

Stærðfræði er kennd í tveim lotum og í einum föstum fagtíma á viku allt skólaárið.

Haustönn 2023

Tímabil 27.09-15.10	Á haustönn er farið yfir eftirfarandi þætti í stærðfræði: <ul style="list-style-type: none">● Almenn brot● Veldi og rætur● Hlutföll, prósentur og vextir● Jöfnur
------------------------	---

Vorönn 2024

Tímabil 28.02-25.03	Á vorönn er farið yfir eftirfarandi þætti í stærðfræði: <ul style="list-style-type: none">● Hnitakerfið● Línuleg föll● Fleygboga● Rúmfræði
------------------------	---

Erlend tungumál

Enska

<p>Haustönn Tímabil 04.09-15.09</p>	<p>Talað mál</p> <ul style="list-style-type: none"> • enska samþætt við leiklist, tal- og framburðaræfingar, framsögn á bókakynningu <p>Lestur</p> <ul style="list-style-type: none"> • tvær skáldsögur lesnar <p>Hlustun</p> <ul style="list-style-type: none"> • hlustun á upplestur <p>Orðaforði</p> <ul style="list-style-type: none"> • fræðitextar og textar tengdum völdum viðfangsefnum í tengslum við mannkynssögulotur rýndir <p>Málfræði</p> <ul style="list-style-type: none"> • orðaröð og setningafræði <p>Ritun</p> <ul style="list-style-type: none"> • uppsetning og gerð ritgerða • bókakynningar • rétttritun • skapandi skrif
---	--

Danska

<p>Haustönn Tímabil 30.10-24.11</p>	<p>Talað mál</p> <ul style="list-style-type: none"> • upplestur og samræður <p>Lestur</p> <ul style="list-style-type: none"> • greinar um uppfinningamenn (og konur), blaðgreinar og sögur <p>Hlustun</p> <ul style="list-style-type: none"> • hlustun á upplestur <p>Orðaforði</p> <ul style="list-style-type: none"> • þýðingar á greinum og völdum textum <p>Málfræði</p> <ul style="list-style-type: none"> • sagnir og tíðir þeirra • sterka og veika beygingu sagna og lýsingarorða • ákveðin og óákveðin greinir <p>Ritun</p> <ul style="list-style-type: none"> • réttritunaræfingar og skapandi skrif
<p>Vorönn Tímabil 28.02-25.03</p>	

Val

<p>Tímabil 08.04-10.05</p> <p>Allt skólaárið</p>	<p>Nemendur geta valið á milli námskeiða.</p> <p>Nemendur velja sér lokaverkefni og vinna að því jafnt og þétt yfir árið. Á útskriftardegi halda nemendur munnlega kynningu á lokaverkefni sínu og lokaafurð.</p>
--	---

List- og verkgreinar

Handavinna

<p>Vorönn 05.02- 05.04</p>	
--------------------------------	--

	<p>Verkefni vetrarins er að hver nemandi geri hettupeysu í sinni stærð. Lagt verður upp með grunnsnið sem nemendur útfæra og breyta eftir eigin málum. Í grófum dráttum má lýsa verkefninu á þessa leið, skrifuð verður niður verklýsing sem unnin verður í sameiningu, því næst aðstoða nemendur hvorn annan við að taka mál, snið verður útfært, mælt hversu mikið efni þurfti í peysu, nemendur versla sjálfir efni í flíkina og þegar það er komið verður sniðið og að lokum hettupeysan saumuð í vél. Þessi vinna krefst útsjónarsemi, verkunnáttu og nákvæmni.</p>
--	--

Smíði

<p>Steinhögg Tímabil 03.06-07.06</p>	<p>Unnið í íslenskt grjót undir leiðsögn steinsmiðs. Andlit mótað í stein með hamri og meitil.</p>
<p>Eldsmíði Tímabil 27.11-20.12</p>	<p>Eldsmíði. Aðalverkefni er að smíða smjörhníf úr hnífastál. Nemendur hanna skaftið. Læra nýjar aðferðir: að spennujafna hnífinn, að herða í olíu og loks að tempru hann. Auk þess eru valfrjáls verkefni eins og skartgripasmíði eða að smíða hlut með notagildi eins og skóhorn.</p>
<p>Smíði 05.02-22.03</p>	

Waldorfskólinn í Lækjarbotnum

Tónlist

Tímabil 18.09-20.10	Nemendur æfa <ul style="list-style-type: none">tónmyndun og hljómslagverksæfingarsamsöngur á lögum frá öllum tónlistargeirum og mismunandi menningum sem og samspilshópum með söng og hljóðfæri. Nemendur læra <ul style="list-style-type: none">tónlistarsögunaumræður um tónlist sem list og listjáningu og sem afþreyingu og neysluvöru.
------------------------	--

Bothmer-leikfimi

Vorönn Tímabil 21.05-07.06	Nú er líkaminn að ganga í gegnum miklar breytingar, beinagrindurinn hefur styrkst og komin í fulla stærð. "Hreyfingarvitund" vaknar. Líkamstilfinningin og þyngdartilfinningin verður ríkjandi og sýnir sig í viðhorfinu. Með styrktaræfingum af ýmsu tagi eiga nemendur að upplifa sjálfa sig, eins vel og hægt er. Bothmer æfingar: "Hreyfing í átt að markmiði" "Falli í punkti" Stafa Æfingar eru þróaðar áfram. Í gegnum Bothmer fimleikana, hreyfingu líkamans mætir nemendur umheimin og vaknir til meðvitundar. Jafnvægisæfingar eru með, hjá strákunum er það "frammistöðureglan" sem ræður, hjá stelpunum - "formreglan". Langhlaup - þróast. Boltaleikir - heldur áfram eins og áður. Lykil orð: LÓÐRÉTT PLAN - UPPRÉTTUR KRAFTUR - ÞOL - FEGURÐ
----------------------------------	---

Leiklist

Tímabil Haustönn 27.11-20.12	Leikhúsferð á sýningu (eftir að ákveða sýningu)
Vorönn Reglulegar æfingar yfir alla vorönn	Unnið með ??? og sett upp leikrit. Atriði úr sögunni sýnt í jólaskemmtun skólans. Leiksýning í lok vorannar.

Myndlist

Tímabil 08.04-26.04	Tenging við listasögu frá endurreisn til popplistar. Unnið með ýmsa þætti myndlistar svo sem: <ul style="list-style-type: none">gera svarthvítar trykk myndir í anda Durer.teikna mannamyndir eða portrett í anda Rembrant og Vermeer.
------------------------	---

	<ul style="list-style-type: none"> • litaupplifanir og blöndun lita. • hreinir frumlitir blandaðir til að mynda svarta, gráa og brúnritaða tóna. • Aðferðir til að ljósið komi inn í myndina á anna hátt en áður hefur verið æft. • (Þetta þrennt fyrir ofan í tengslum við impressjónisma) • gera auglýsingu og klippimyndir í anda popplistar. <p>Þetta var í fyrra: Tenging við listasögu frá Forn-Egyptum að impressjónisma. Unnið með ýmsa þættir málalistar svo sem:</p> <ul style="list-style-type: none"> • litaupplifanir og blöndun lita. • hreinir frumlitir blandaðir til að mynda svarta, gráa og brúnritaða tóna. • teiknað úti í náttúrunni með kolum. • málað á þurr blöð með þunnri málningu • málað lag eftir lag og flöturinn látinn þorna á milli umferða. • aðferðir til að ljósið komi inn í myndina á annan hátt en áður hefur verið æft. • litahringurinn málaður á þennan hátt.
--	--

Samfélagsfræði

<p>Mannkynssaga Tímabil 08.01-02.02</p> <p>Landfræði <i>Samþætt samfélagsfræði</i></p>	<p>Kalda stríðið Geo pólitískt kort 30 ár eftir fall Berlínarmúrsins: Kína, Rússland, USA, Indland, Brasilía, Miðausturlönd</p> <p>Heimsálfurnar Asía, Afríka, Ástralía, og Ameríka.</p> <ul style="list-style-type: none"> • sérkenni • lífsskilyrði • auðlindir • löndin
<p>Trúabragðafræði Haustönn Tímabil 02.10-20.10</p>	<p>Nemendur læra um stóru heimstrúarbrögðin, kristni, gyðingdóm, íslam, hinduisma og búddisma með áherslu á að þekkja gildi trúarbragða, hugsunarhátt og menningu annarra trúarflokka.</p>

Náttúrufræði

Vistfræði Tímabil 21.08-15.09	Nemendur verða í verklegri útvinnu í skólagarðinum. Undirbúa ormakassa fyrir moltugerð. Ormakompost í stofunni og ormadagbók allt skólaárið - að æfa að gera athuganir og bera ábyrgð á öðrum lífverum í samvinnu við aðra. Nemendur æfa sýn á að vistkerfin er sjálfstýrandi heild sem leitast við að viðhalda jafnvægi og að geta tekið þátt í umræðum um málefnið og skrifað eigin texta sem lýsa þessu ferli. <ul style="list-style-type: none">• Samband einstakra lífvera við umhverfi sitt og hvernig þær bregðast við og aðlagast.• Hringrásarferli í manneskjunni og mismunandi lífríkjum.
-------------------------------------	---

Efnafræði Tímabil 29.4.-17.05.	Nemendur fræðast um: <ul style="list-style-type: none">• grunnþætti efnafræðinnar• efnafræðileg kerfi, lotukerfið• atómísk líkön• kolefnishringrásin• lífrænar sýrur; áfengi, sýrur og basar og bragðefni• gróðurhúsaáhrifin• oxun og fækkun• efnaferlar jarðolíu
--------------------------------------	--

Líffræðifræði Tímabil 30.10-24.11	Nemendur fræðast um: Mannslíkaminn <ul style="list-style-type: none">• taugakerfið• meltingakerfið• hrynjandakerfið (hjarta og æðakerfið)• frumur og fósturfræði Manneskjan í umheiminum og fjögur ríki náttúrunnar <ul style="list-style-type: none">• steinaríkið• plönturíkið• dýraríkið• manneskjan. Umfjöllun og samanburður. Dregin er saman heildarmynd af lærdómi undangenginna skólaára.
---	--

Lífsleikni

Waldorfskólinn í Lækjarbotnum

Lífsleikni Furudalsvika 25.09-29.09	Lífsleiknivika Nemendur fara eftir morguntíma í Furudal. Nemendur fara í hlutverkaleik þar sem iðnir þorpsbúar byggja einföld hús, gera hlóðir, kvekja elda, baka pinnabrauð, tálga, jurtalita ullarband og berjast við dreka sem búa í nærliggjandi skógi. Allir nemendur taka þátt ásamt kennurum og starfsfólki skólans. Nemendur í 10. bekk eru drekar í drekaleiknum, árlegri lífsleikniviku. Því að vera dreki fylgir mikil ábyrgð. Hlutverkið reynir á getuna til að aðlagast mismunandi aðstæðum á jákvæðan og uppbyggilegan hátt. Hlutverkin krefjast færni eins og sjálfsgrundun, lausnamiðaðri hugsun og færni í mannlegum samskiptum.
Tímabil 18.05-02.06	Skólaferðalag Markmiðið er að fara í menningarferð til Evrópu. Tekið verður mið af samfélagsaðstæðum og ferðin aðlöguð að þeim aðstæðum sem fyrirfinnast hverju sinni.

Íþróttir og hreyfing

Tímabil Reglulega yfir allt skólaárið	Skokk, gönguferðir og reiðhjólaferðir verða stunduð á skólaárinu Fjallgöngur verða nokkrar yfir árið. Sundkennsla fer fram í Salalaug. Íþróttir eru kenndar í Fylkishúsinu.
Tímabil Ólympíuvika 13.05-17.05	Ólympíuleikar eru settir upp í anda hinna upphaflegu forn-grísku leika og sameinast allir nemendur skólans sem þátttakendur á sérstökum íþróttadegi, en haldin er vikulöng íþróttahátíð í tengslum við leikana.

Upplýsinga- og tæknimennt

Tímabil 04.03-05.04	Nemendur kynnst hvernig tölvu er sett saman og með hvaða hætti hún starfar. <ul style="list-style-type: none">• ihluti tölvunnar og aðgerðir þeirra• örgjörva og vinnsluminni• orð og hugtök æfð til þátttöku í samræðum um tæknilausnir
Tæknimennt Ritvinnsla Borgaraleg vitund Stafrænt siðferði	Ritvinnsla er samþætt við íslensku. Nemendur gera rafrænar vinnubækur þar sem áhersla er lögð á að <ul style="list-style-type: none">• afla ritaðra og rafrænna heimilda• setja upp heimildaskrá• uppsetningu ritgerða, inngangur, meginmál, samantekt og niðurstöður• heimildarýna Umræður um <ul style="list-style-type: none">• starfræna borgaravitund• samfélagsmiðla• stafrænt siðferði

Waldorfskólinn í Lækjarbotnum

	<ul style="list-style-type: none">• falsfréttir
--	---

Starfskynningar

Tímabil 04.04-08.04	Nemendur velja sér vinnustað og vinna þar á tímabilinu undir leiðsögn.
------------------------	--

Kennsluáætlunin er birt með fyrirvara um breytingar

Heimildaskrá:

Aðalnámskrá grunnskólanna, Sótt af .

<https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=f7d55056-989c-11e7-941c-005056bc4d74>

Læreplan for Steinerskolerne. Skólanámskrá Waldorfskólanna í Noregi. Sótt af

<https://www.steinerskole.no/pedagogikk/laereplan/>

En väg til frihet, skólanámskrá Waldorfskóla í Svíþjóð. Sótt af

<http://www.uppsalawaldorfskola.nu/wp-content/uploads/2018/01/en-vag-till-frihet.pdf>